

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að hækka leyfðan hámarkshraða á neðangreindum götum svo sem hér segir:

1. Kringlumýrarbraut, frá Listabraut að bæjarmörkum Kópavogs. Leyfður hámarkshraði verður 80 km/klst.
2. Reykjanesbraut, frá Bústaðavegi að bæjarmörkum Kópavogs við Breiðholtsbraut. Leyfður hámarkshraði verður 70 km/klst.
3. Suðurlandsbraut, milli Kringlumýrarbrautar og Skeiðarvogs. Leyfður hámarkshraði verður 60 km/klst.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. apríl 2005.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. mars 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.